Nr. 10.
9.
ágúst.

Lög

um

aðflutningsgjald á kaffi og sykri.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar neðan greindar vörur eru fluttar til Íslands, skal af þeim greiða í landssjóð gjöld þau, er hjer segir:

1. af kaffi og kaffibæti hverskonar, 10 aura af hverju pundi;
2. - sykri og sírópi 5 aura af hverju pundi.

2. gr.

Gjaldið skal greiða lögreglustjóra í peningum eða með ávísun, stílaðri uppá borgun við sýningu, á landsbankann eða á verzlunarhús í Kaupmannahöfn, er innheimtumaður tekur gilt. Eigi má afhenda vörurnar þeim, er við eiga að taka, fyrr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, allt að 200 kr., á hendur skipstjóra eða á hendur afgreiðslumanni skipsins, ef vissa er fyrir, að sá maður sje þar á staðnum. Hafi vörurnar afhentar verið þeim, er við á að taka, áður en hann hefur fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sje þegar greitt, þá er hann skyldur til að segja lögreglustjóra frá þessu innan 3 daga frá því að hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört.

3. gr.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir vöruskrá skipsins eða tollskrá, svo og hleðsluseðlum þeim eða tilvísunarbrjefum, er snerta hinar tollskyldu vörur.

Nr. 10.
9de
August.

Lov

om

Indførselsafgift af Kaffe og Sukker.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Af efternævnte Varer erlægges, naar de indføres til Island, følgende Afgifter til Landskassen:

1) Af Kaffe og Kaffesurrogater af enhver Slags 10 Øre pr. Pd.
2) Af Sukker og Sirup 5 Øre pr. Pd.

§ 2.

Afgiften betales til Politimesteren kontant eller ved Anvisning, betalbar ved Sigt, enten paa Landsbanken eller paa et Handelshus i Kjøbenhavn, der af Oppebørselsbetjenten tages for godt. Førend Afgiften er betalt, maa Varerne ikke udleveres til de paagjældende Modtagere. For Overtrædelse heraf straffes Skibsføreren eller, hvis Skibet vitterlig har en Expeditør, denne med Bøder indtil 200 Kr.

Har Modtageren ikke forinden Udleveringen erholdt Oppebørselsbetjentens Kvittering for Afgiftens Berigtigelse, er han pligtig inden 3 Dage, efterat Varerne ere komne ham ihænde, at gjøre fornøden Angivelse herom til Politimesteren og samtidig at berigtige Afgiften, hvis dette ikke er sket.

§ 3.

Til Grund for Afgiftens Beregning lægges Skibets Varefortegnelse eller Toldseddel samt de Ladningsdokumenter eller Adressebreve, som vedrøre de afgiftspligtige Varer. Disse maa ikke bringes i Land, forinden samtlige de nævnte Papirer af Skibs-

Nr. 10. 9. ágúst.

Hinar tollskyldu vörur má eigi flytja í land, fyrr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefur skilað lögreglustjóra öllum þessum skjölum og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra uppá æru og samvizku um það, að eigi sjeu í skipinu aðrar eða fleiri tollskyldar vörur, en þær, er tilfærðar eru á vöru- eða tollskránni, eða sem ætlaðar eru handa skipverjum sjálfum. Brot gegn þessu fyrirmæli varðar sektum allt að 200 kr.

Ennfremur hefur lögreglustjóri vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum búsettum manni í umdæmi sínu, er ástæða er til að ætla að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim. Reynist þá svo, að eigi hafi greitt verið fullt gjald af þesskonar vörum, skal sá, er við hefur tekið, þegar í stað gjalda það er á vantar, enda sje eigi þyngri ábyrgð fallin á hann eptir lögum þessum.

4. gr.

Sje ógreinilega sagt til um tollskyldar vörur á vöru-eða tollskránni, eður ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eður sje ástæða til að rengja, að rjett sje skýrt frá, skal lögreglustjóri láta rannsaka farminn og hafa eptirlit með uppskipun svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum tóku.

5. gr.

Nú verður maður uppvís að því að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefur innflutt eða veitt móttöku, eður gjört ranga yfirlýsing þar að lútandi, eður eigi skeytt því samkvæmt 2. gr., að segja frá vörum, er hann hefur tekið við, og skal hann þá, ef brotið varðar eigi þyngri hegning að lögum, sæta sektum, allt að 1000 kr., og gjaldi auk þess sekt, er sje tvöföld við þá upphæð gjaldsins, er hann hefur reynt að draga undan.

6. gr.

Hinar aðfluttu tollskyldu vörur skula vera að veði fyrir tollinum og sektunum, og hefur eigandi ekki rjett til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjóri hefur vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrsetja vörurnar, og ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar tolli og sektum.

7. gr.

Amtmaður getur ákveðið sektirnar, ef hlutaðeigandi eigi krefst þess, að máli því sje vísað til dóms og laga. En verði því vísað til dóms og laga, skal fara með sem almennt lögreglumál.

Landshöfðingi hefur vald til þess að færa niður sektir þær, er amtmaður hefur ákveðið, þegar honum þykir ástæða til vera í einstökum tilfellum.

8. gr.

Sektir allar eptir 2. og 3. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eptir 5. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni, að tollsvikin komust upp, og fær hann þá annan helming sekta.

føreren eller Expeditøren ere tilstillede Politimesteren i Forbindelse med en af Skibsføreren paa Tro og Love afgivet skriftlig Forsikring om, at der, bortset fra hvad der medhaves til Besætningens eget Forbrug, i Skibet ikke findes andre eller flere afgiftspligtige Varer end de paa Ladningsfortegnelsen eller Toldsedlen opførte. Overtrædelse heraf straffes med Bøder indtil 200 Kr.

Endvidere kan Politimesteren til enhver Tid afkræve en hvilken som helst i hans Jurisdiktion bosat Person, om hvem der er Grund til at formode, at han faar afgiftspligtige Varer indførte, en paa Tro og Love afgiven skriftlig Forsikring om, hvorvidt han har modtaget saadanne Varer og i bekræftende Fald, hvilke og hvor stort et Kvantum. Viser det sig da, at fuld Afgift af de paagjældende Varer ikke er erlagt, er vedkommende Modtager, saafremt han ikke ifølge nærværende Lov er ifaldet et større Ansvar, pligtig uopholdelig at betale det Manglende.

§ 4.

Ere de i Varefortegnelsen eller Toldsedlen indeholdte Opgivelser utilstrækkelige, ere Angivelserne ufyldestgjørende, eller er der Grund til at betvivle deres Rigtighed, har Politimesteren at lade Ladningen undersøge og at føre det fornødne Tilsyn med Skibets Udlosning. De herved foranledigede Udgifter udredes, hvis Angivelsen befindes at have været nøjagtig, af Landskassen, men hvis den findes unøjagtig, af Skibsføreren eller i fornødent Fald af Varernes Modtagere.

§ 5

Findes Nogen at have gjort urigtig Angivelse eller at have afgivet urigtig Forsikring med Hensyn til afgiftspligtige, af ham indførte eller modtagne Varer, eller at have undladt den i § 2, sidste Stykke, foreskrevne Anmeldelse, straffes han — for saa vidt den begaaede Forseelse ikke efter Lovgivningen medfører strængere Straf — med Bøder indtil 1000 Kroner, hvorhos han bøder det Dobbelte af det Beløb, hvis Erlæggelse han har søgt at unddrage sig.

§ 6

Saa vel for Afgiftens som for Bødernes Erlæggelse hæfte de indførte afgiftspligtige Varer, og er Ejeren af dem uberettiget til at raade over dem, før de omhandlede Beløb ere betalte. Politimesteren er berettiget til at træffe de i saa Henseende fornødne Foranstaltninger, navnlig ved Varernes Beslaglæggelse og ved i Mangel af Betaling at realisere dem til Dækning af de paaløbne Afgifter og Bøder.

§ 7.

Bøderne kunne, hvis Sagen ikke af Vedkommende begjæres henvist til Domstolene, fastsættes af Amtmanden. I Tilfælde af Sagens Henvisning til Domstolene behandles den som offentlig Politisag.

Landshøvdingen er bemyndiget til, naar dertil i enkelte Tilfælde maatte findes Anledning, at nedsætte de af Amtmanden fastsatte Bøder.

§ 8.

Alle Bøder efter §§ 2 og 3 tilfalde Landskassen. Bøder efter § 5 tilfalde ligeledes Landskassen, med mindre Nogen ved sin Anmeldelse har givet Anledning til Opdagelsen af den begaaede Forseelse, i hvilket Fald den ene Halvdel tilfalder ham.

Nr. 10. 9. ágúst.

9. gr.

Fyrir tollheimtum og sektum eptir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga, samkvæmt reglum þeim, er gilda um reikninga fyrir tollum á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum m. m.

Af upphæð tolls og sekta fær innheimtumaður 2 af hundraði.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1889.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 9. ágúst 1889.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 9

For Oppebørslen af Afgifter og Bøder efter denne Lov aflægger Politimesteren Regnskab i Overensstemmelse med de for Aflæggelsen af Regnskabet for Afgifter af Brændevin og andre spirituøse Drikkevarer m. m. gjældende Regler.

Saa vel af Afgifter som af Bøder erholder Oppebørselsbetjenten 2 pCt.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Oktober 1889.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9de August 1889.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.